

Alþingi
Erindi nr. P. 126/936
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa
Mikudagur 18.1.2001

Pósthólf 5150
125 Reykjavík – Iceland
Kennitala 430775-0229

Reykjavík 15. janúar 2001

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til barnalaga, 314. mál, ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum.


Undirrituð hefur fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa fengið ofangreint frumvarp til umfjöllunar. Fagna ber frumvarpi þessu þar sem með því er verið að stuðla að sem bestri úrlausn fyrir börn í viðkvæmum deilum foreldra er standa í skilnaði. Rannsóknir hafa sýnt að fagleg ráðgjöf á þessum erfiðu tímum hefur mikið að segja um farsæld fyrir alla framtíð barnsins og einnig foreldra þess.

Mikilvægt er engu að síður að kveða skýrt á um faglega hæfni þeirra sem eiga að veita slíka ráðgjöf. Þar tel ég mikilvægt að nefna að félagsráðgjafar hafa um langt skeið unnið við barnavernd hjá stærstu sveitarfélögunum og jafnframt hefur félagsráðgjafi starfað með góðum árangri við slíka ráðgjöf hjá Félagi einstæðra foreldra um árabíl. Margir félagsráðgjafar hafa einnig lokið framhaldsnámi í fjölskyldumeðferð. Félagsráðgjafar geta veitt ráðgjöf vegna fjármála sem getur verið mikilvægt í því skyni að stuðla að því að foreldrar nái sáttum um þau mál fyrst svo tryggð sé samvist við báða foreldra og komið í veg fyrir að börnunum sé beitt fyrir sig eins og t.d. vegna meðlagsgreiðslna. Rétt er að taka fram vegna 1gr. 4 mgr. að í siðareglum félagsráðgjafa er strangt kveðið á um siðferðilegar skyldur í starfi, m.a. þagnarskyldu sem er grundvallaratriði þegar rætt er um hvers konar viðkvæm málefni.

Í 1. gr. 5 mgr. er fjallað um gerð þjónustusamninga við þá sem annast slíka ráðgjöf og er það mat mitt að þá ætti að gera í samstarfi við stéttarfélög þeirra fagaðila sem gætu starfað við skilnaðarráðgjöfina.

Í 2 gr. er fjallað um brot á umgengnisrétti og er nauðsynlegt að kveða skýrt á um það. Hins vegar má leiða að því líkum að með góðri skilnaðarráðgjöf sé hægt að draga til muna úr brotum á umgengnisreglum þar sem þau brot eru oft vegna óuppgerðra hluta í kjölfar skilnaðar.

f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa,


Eyrun Jónatansdóttir,
félagsráðgjafi